



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 10. ágúst 2021

2107006SA KB/BG
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um grænbók um fjarskipti, mál nr. S-143/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda dags. 7. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að grænbók um fjarskipti.

Grænbókin er mjög aðgengileg og þægileg aflestrar þar sem á mjög skýran hátt er sett fram núverandi staða, mat á árangri gildandi stefnu og lykilviðfangsefni til næstu ára. Athygli vekur að málefni Þjóðskrár Íslands er hluti að grænbókinni og er því einnig fjallað um grunnskrár PÍ, þ.e. þjóðskrá og fasteignaskrá.

Fjarskipti

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 sem samþykkt var á landsþingi haustið 2018 kemur fram að sambandið leggi áherslu á uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn verði lokið árið 2020, í samræmi við byggðaaáætlun. Samkvæmt stöðumati er finna má í grænbókinni hefur því marki ekki verið náð en aðeins 82% lögheimila og fyrirtækja hafa aðgang að ljósleiðaratengingu. Þó kemur fram að þegar öllum verkefnum á grundvelli verkefnisins Ísland ljóstengt verði lokið fyrir árslok 2022 verði ljósleiðaravæðingu utan þéttbýlis nánast lokið. Eftir sitja þó um það bil 13.000 staðföng í þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni sem eiga ekki enn kost á ljósleiðaratengingu eða sambærilegri tækni. Að mati sambandsins er nauðsynlegt að það verði forgangsverkefni að gefa þeim heimilum og vinnustöðum sem út af standa kost á að tengjast ljósleiðara eða sambærilegri tækni sem fyrst. Reynsla síðustu 18 mánaða vegna kórónuveirusfaraldurs hefur orðið til þess að opinberir aðilar sem og fyrirtæki hafa stóreflt þjónustu í gegnum internetið og má í raun segja að forsenda fyrir jöfnum tækifærum íbúa til að vera virkir og viðurkenndir þátttakendur í samfélaginu sé góð internettenging í gegnum ljósleiðara eða aðra sambærilega tækni.

Sambandið tekur einnig undir mikilvægi þess að fjarskiptaöryggi almennings verði tryggt og að það sé lykilviðfangsefni næstu ára að skilgreina viðbúnaðar-fjarskiptakerfi um allt land sem hægt er að grípa til ef fyrirliggjandi fjarskipta- eða raforkukerfi verða fyrir langvarandi rekstrartruflunum.

Sambandið styður því þau verkefni sem hafa verið skilgreind sem lykilviðfangsefni fjarskipta til næstu ára og hvetur til þess að flýtt sé eins og kostur er að ljúka háhraðanetsvæðingu um allt land.

Þjóðskrá Íslands

Grænbókin gefur góða yfirsýn yfir stöðu mála varðandi fjarskipti en það er miður, í ljósi þess að Þjóðskrá Íslands var fundinn staður í þessari grænbók, að ekki sé sett fram skýrari umfjöllun og framtíðarsýn varðandi stofnunina. Þjóðskrá Íslands heldur utan um fasteignaskrá og samkvæmt 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 fer álagning fasteignaskatts fram í fasteignaskrá.

Rétt þykir einnig að vekja athygli á því að í stefnumörkun sambandsins kemur fram að sambandið eigi að beita sér fyrir því að markmið og framkvæmd laga um lögheimili og aðsetur stuðli að miðlægri og réttri skráningu lögheimilis og aðseturs einstaklinga á hverjum tíma. Er sú stefnumótun í samræmi við lykilviðfangsefni næstu ára sem lagt er upp með í grænbókinni þar sem leita skal leiða til þess að hámarka gæði gagna grunnskráa PÍ, öryggi gagnanna og bestu nýtingu þeirra.

Markmið um samráð Þjóðskrár við samstarfsaðila

Óumdeilt er að samráð við sveitarstjórnarstigið um málefni Þjóðskrár hefur minnkað eftir að stjórn stofnunarinnar var lögð niður með lögum nr. 70/2018 um Þjóðskrá Íslands. Minnt er á að í 3. gr. þeirra laga er kveðið á um að:

Ráðherra skal setja á stofn fagråd með fulltrúum stofnunarinnar, hagsmunaaðila og annarra aðila í þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á fagsviðum stofnunarinnar.

Ákvæðið er nánar útfært í reglugerð um Þjóðskrá Íslands nr. 795/2018 en fagråd hefur þó enn ekki verið skipað. Til efni er til þess að kalla eftir því að fagráði verði komið á sem fyrst.

Markmið um mánaðarlega álagningu fasteignaskatts

Sveitarfélög hafa mikla hagsmuni af því að gæði gagna í fasteignaskrá sé fullnægjandi. Það hefur lengi verið framtíðarsýn bæði Þjóðskrár og Sambands íslenskra sveitarfélaga að fasteignaskrá geti boðið upp á mánaðarlega álagningu fasteignaskatta í stað þeirrar framkvæmdar sem er nú að álagning á sér stað í upphafi árs. Fram hefur komið í samskiptum milli sambandsins og Þjóðskrár að í raun sé ekkert að vanbúnaði að hefja undirbúning slíkrar breytingar.

Áskilnaður núgildandi laga um árlega álagningu hefur í för með sér að eigendur nýrra fasteigna sem metnar eru fasteignamati í upphafi árs geta komist hjá greiðslu fasteignaskatts í tæpt ár sem skapar ójafnræði í skattgreiðslum þeirra og annarra fasteignaeigenda sem fá eignir sínar metnar fasteignamati undir lok árs.

Ávinningur af því að hefja mánaðarlegar álagningar í stað árlegrar yrði sá að álögur yrðu sanngjarnari, þ.e. gjöld myndu leiðréttast bæði til hækkunar og lækkunar sem myndi leiða af sér jafnræði í skattlagningu og að öll virðisaukning fasteigna kæmi strax til álagningar sem og allar nýjar fasteignir. Er því mikilvægt að flýta endurnýjun álagningarkerfis fasteignaskrár ásamt því að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga svo hægt sé að hefja mánaðarlega álagningu fasteignaskatta sem fyrst.

Markmið um fækkun undanþága frá fasteignaskatti

Í stefnumörkun sambandsins er einnig lögð áhersla á að öll mannvirki verði metin til fasteignamats og að undanþágur frá álagningu fasteignaskatts verði felldar niður. Það verður að teljast mjög óeðlilegt að árið 2021 séu enn til staðar lagaákvæði um undanþágur frá fasteignamati sem jafnframt fela í sér undanþágu frá fasteignasköttum á mannvirki sem fyrirtæki á markaði nýta sér til tekjuöflunar.

Sérstaklega orkar núverandi fyrirkomulag tvímælist þegar um er að ræða atvinnugreinar á samkeppnismarkaði, s.s. fjarskipti og raforku. Einnig eru kirkjur og bænahús trúfélaga sem og samkomuhús skráðra lífsskoðunarfélaga undanþegin fasteignaskatti en eðlilegra er að sveitarfélög hafi val um hvort veittir séu styrkir til greiðslu fasteignaskatta af slíkum fasteignum líkt og er fyrir menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf.

Markmið um flutning mannvirkjahluta fasteignaskrár

Sambandið hvetur einnig til þess að eitt af lykilverkefnum næstu ára sé að flytja mannvirkjahluta fasteignaskrár til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en þannig styrkist fasteignaskráin með því að mannvirkjahluti hennar stafi beint frá mannvirkjaskrá HMS. Með því móti verður komið í veg fyrir tvíverknað við skráningu mannvirkja. Í stað þess að upplýsingar um mannvirki færast í fasteignaskrá þegar framkvæmdir eru vel á veg komnar munu þær færast í mannvirkjaskrá og þar með mannvirkjahluta fasteignaskrár jafnt og þétt eftir því sem leyfisveitingum og framkvæmdum vindur fram.

Sveitarfélög og stofnanir ríkisins fá þannig betri yfirsýn um húsnæðisuppbyggingu og þau verðmæti sem verða til og mynda stofn fasteignaskatta. Jafnframt skapast tækifæri til að einfalda aðra stjórnýslu tengda fasteignum, svo sem gerð eignaskiptayfirlýsinga og þar sem bæði er verið að skrá upplýsingar um mannvirki og réttindi þeim tengd. Gera má ráð fyrir að lagabreytingar um mánaðarlega álagninga fasteignaskatts geti stuðlað að því að markmið þessara breytinga nái fram að ganga og að gagnaskil verði almennt betri frá sveitarfélögum inn í mannvirkjaskrá.

Með færslu mannvirkjahluta fasteignaskrár til HMS næst jafnframt töluverður vinnusparnaður og einföldun starfa hjá byggingarfulltrúum sveitarfélaga. Hægt verður að leggja af tvíverknað sem núverandi stofnanafyrirkomulag byggir á. Í dag þurfa byggingarfulltrúar að vinna með tvö kerfi í mannvirkjagerð, Bygging (PÍ) og Byggingagátt (HMS) og fer töluverður tími byggingarfulltrúa í innslátt og umsýslu tveggja kerfa sem veldur misskilningi í stjórnýslu með mannvirkjagerð og eykur hættu á misræmi. Auk þess skapast tækifæri til þess að einfalda verulega vinnu hönnuða og fagaðila með því að þróa áfram skil þeirra með stafrænum hætti. Að auki gæti yfirfærslan myndað hagræðingu í ríkisrekstri.

Samkvæmt framansögðu leggur Samband Íslenskra sveitarfélaga til að bætt verði við eftirfarandi lykilviðfangsefnum varðandi grunnskrár Þjóðskrár Íslands – Þjóðskrá og fasteignaskrá:

1. *Að fagráð um starfsemi Þjóðskrár verði skipað án tafar.*
2. *Að stefnt verði að því að taka sem fyrst upp mánaðarlega álagningu*

fasteignaskatta með tilheyrandi lagabreytingum og endurnýjun álagningarkerfis fasteignaskrár. Útbúin verði verkefnislýsing ásamt kostnaðaráætlun í samráði við sambandið.


3. Að sett verði markmið um að allar undanþágur frá fasteignamati og fasteignasköttum verði afnumdar sem fyrst.
4. Að stefnt verði að flutningi mannvirkjahluta fasteignaskrár til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og þannig styrkist fasteignaskráin með því að mannvirkjahluti hennar stafi beint frá mannvirkjaskrá HMS.

Lokaorð

Þau drög sem hér eru til umsagnar sýna mikinn metnað við stefnu- og áætlanagerð á málefnasviði ráðuneytisins og væntir sambandið góðs samstarfs við ráðuneytið við áframhaldandi vinnu við umrædda stefnu. Sambandið óskar eftir því að fá að fylgja eftir þessari umsögn á fundi og þá sérstaklega til að ræða málefni fasteignaskrár.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri